

## FRÁSÖGN

*af fundi þingmannanefndar og ráðherra EFTA í Genf 23. nóvember 2015*

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefnda EFTA og EES sóttu fundinn Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður, Árni Páll Árnason, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Vilhjálmur Bjarnason og Willum Þór Þórsson, auk Stígs Stefánssonar ritara. Auk fundar þingmanna og ráðherra EFTA hélt þingmannanefnd EFTA eigin fund í Genf.

Á fundi þingmannanefndar EFTA var Guðlaugur Þór Þórðarson kosinn formaður nefndarinnar fyrir árið 2016 og norski þingmaðurinn Svein Roald Hansen varaformaður. Aðildarríki EFTA fara með formennsku í nefndinni til skiptis.

Á fundi þingmanna og ráðherra EFTA í Genf var fjallað um gerð fríverslunarsamninga EFTA, en það er fastur dagskrárliður á slíkum fundum. Fríverslunarsamningar EFTA eru nú 25 talsins við 36 ríki og ná yfir 13% af vöruskiptum EFTA-ríkjanna. Í framsöguræðu sinni lagði Vidar Helgesen, Evrópuráðherra Noregs og formaður ráðherraráðs EFTA, áherslu á að mest gróska í gerð fríverslunarsamninga væri í Asíu. Fríverslunarviðræður EFTA við Indland hafa legið niðri frá fyrri hluta árs 2014 en þá fóru þingkosningar fram í landinu en nú hafa Indverjar lýst sig reiðubúna að halda þeim áfram. Viðræður hafa einnig legið niðri við Indónesíu um skeið en EFTA þrýstir á að þær hefjist að nýju. Fimmta lota viðræðna við Malasíu fór fram í október 2015 og sú sjötta er ráðgerð í mars 2016. Góður gangur er í viðræðum við Filippseyjar og er stefnt að því að þeim ljúki á árinu 2016. Hægur gangur er í viðræðum við Víetnam sem staðið hafa lengi. Þá hófust fríverslunarviðræður við Georgíu í september 2015 og er búist við að þær geti gengið hratt fyrir sig. Viðræður við tollabandalag Rússlands, Kasakstans og Hvíta-Rússlands liggja niðri vegna átakanna í Úkraínu. Áformað er að hefja fríverslunarviðræður við Ekvador á árinu 2016. Þá var fjallað um vikugamla yfirlýsingu ESB og Ástralíu um að hefja viðræður um fríverslunarsamning á árinu 2016 og að EFTA þyrfti að fylgja í kjölfarið til að tryggja samkeppnishæfni fyrirtækja innan EFTA gagnvart fyrirtækjum innan ESB á áströlskum markaði.

Hvað eldri fríverslunarsamninga EFTA varðar er áfram rætt við Tyrkland um uppfærslu á samningi frá árinu 1992. Þá standa fyrir dyrum könnunarviðræður sama efnis við Kanada með von um að formlegar viðræður geti hafist sumarið 2016. Samningur ESB og Kanada frá 2014 er mun víðtækari en samningur Kanada við EFTA-ríkin svo kapp er lagt á uppfærslu til að tryggja samkeppnisstöðu EFTA gagnvart ESB í viðskiptum við Kanada. Á fundinum í Genf voru enn fremur hafnar viðræður við Mexíkó um að uppfæra og breikka fríverslunarsamning frá 2001. Mexíkó hefur hafið sams konar viðræður við ESB og mun ræða við EFTA samhliða.

Guðlaugur Þór Þórðarson greindi frá nýlegri heimsókn sinni til Túnis. Undirstrikaði hann að Túnis væri það ríki sem best hefði komið út úr hinu svokallaða arabíska vori. Þó EFTA væri fyrst og fremst fríverslunarsamtök væri fríverslunarstefnan ekki einangruð frá annari pólitík eins og fríverslunarsamningar við Palestínu á sínum tíma og nýhafnar viðræður við Georgíu sýndu. Hvatti Guðlaugur Þór til þess að hugað yrði að því að virkja þá fríverslunarsamninga sem fyrir eru við miðjarðarhafspjóðir til að styðja við þau.

Í umfjöllun um fríverslunarviðræður Bandaríkjanna og ESB (e. Transatlantic Trade and Investment Partnership, TTIP) greindu ráðherrarnir frá fundi sínum með varaviðskiptafultrúa Bandaríkjanna, Michael Punke, fyrr um daginn. Aukinnar bjartsýni gætir hjá bandarískum stjórnvöldum um að hægt verði að ljúka viðræðunum áður en kjörtímabili Obama forseta lýkur í janúar 2016. Eftir 18 mánaða stöðnun er gangur í viðræðunum að nýju. Fram kom að Bandaríkin vilji hafa TTIP opið þannig að nán viðskiptaríki geti fengið aðild að samningnum.

Frekari upplýsingar fást á vefsíðunni [www.efta.int](http://www.efta.int) og á nefndasviði.